



Reglugerð um fræðslunefnd

breytt 7.5.2020

1. grein

Fræðslunefnd er skipuð þremur einstaklingum. Stjórn KKI skipar nefndina til tveggja ára. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn KKI.

2. grein

Fræðslunefnd sinnir málum sem snúa að fræðslumálum, m.a. þjálfaramenntun.

3. grein

Fræðslunefnd skal setja fram fræðsluáætlun KKI og sinnir fræðslu samkvæmt henni.

4. grein

Fræðslunefnd skal í samvinnu við dómara nefnd skipuleggja og sjá um hið minnsta tvö dómara námskeið fyrir nýliða á hverju ári (ef þátttaka fæst), þar af annað snemma hausts.

5. grein

Fræðslunefnd sér um mat á þjálfurum skv. gildandi fræðsluáætlun hverju sinni og ber að halda skrá yfir hæfni þjálfara hverju sinni.